



Alþingi
Erindi nr. P 138/1515
komudagur 7.4.2010

Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. mars 2010
Tilvísun: 201003-0015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 288. máli.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, 288.mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að horfið verði frá því að fyrirkomulag á vali stjórnarmanna í lífeyrissjóðum sé á forræði þeirra aðila sem að sjóðnum standa og kveðið er á um í samþykktum hvers sjóðs. Um þennan þátt hafa aðilar vinnumarkaðarins, sem standa að sjóðum launafólks á almennum vinnumarkaði, gert með sér kjarasamning allt frá árinu 1969.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn frumvarpinu sem gengur þvert á ákvæði heildarkjarasamnings aðila vinnumarkaðarins um málefni lífeyrissjóðanna og lítur á það sem alvarlegt inngríp í gildandi kjarasamninga. Jafnframt lýsir Alþýðusambandið yfir miklum efasemdum um að ákvæði frumvarpsins muni í reynd verða til þess að auka lýðræði í lífeyrissjóðunum sem breytingunum er ætlað að tryggja samkvæmt greinargerð frumvarpsins.

Í kjarasamningi aðila vinnumarkaðarins er kveðið á um að lífeyrissjóðir skuli starfræktir á stéttarfélagsgrundvelli og endurspeglar samningurinn þá áherslu að rekstur og gæsla lífeyrissjóða launafólks á almennum vinnumarkaði sé á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launafólks. Stjórnkerfi sjóðanna byggir á fulltrúalýðræði þar sem kjörnir fulltrúar þeirra samtaka sem að sjóðnum standa kjósa stjórnarmennina, en líkt og við gerð kjarasamninga ríkir jafnræði milli launafólks og atvinnurekenda. Aðilar vinnumarkaðarins eru og hafa verið bakhjarlar í uppbyggingu og þróun íslenska lífeyrissjóðakerfisins sem tryggt hefur að umfjöllun um þróun þess er nátengd þróun launa og annarra kjara. Hefur það

Alþýðusamband Íslands

Deild • Suðurlæk
101 Reykjavík • Tlf. 570 0000
www.asi.is • www.112.is



fyrirkomulag reynst vel á undanföllum áratugum og tryggt Íslendingum lífeyrissjóðskerfi í fremstu röð. Með því samkomulagi sem undirritað var árið 1969 um stofnun og starfrækslu lífeyrissjóða fyrir allt launafólk í landinu, sýndu aðilar vinnumarkaðarins mikla framsýni og ábyrgð sem bætt hefur kjör lífeyrisþega til muna og komið í veg fyrir að lífeyrisbyrði komandi kynslóða verði velt yfir á sífelld minnkandi kynslóðir vinnandi fólks í framtíðinni.

Verði kjör til stjórna lífeyrissjóðanna með þeim hætti sem boðað er í frumvarpinu er með engu móti tryggt að allir hópar sem að sjóðnum standa eigi sér fulltrúa innan stjórnar. Þetta getur auðveldlega leitt til átaka milli einstakra hópa innan sjóðanna, s.s. mismunandi aldurshópa eða starfsstétta og jafnvel kynja, sem hafa oft á tíðum mjög misjafna hagsmuna að gæta. Stjórnarmenn yrðu samkvæmt frumvarpinu kjörnir sem einstaklingar inn í stjórnir sjóðanna en ekki sem fulltrúar fyrir ákveðinn hóp launamanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Með núverandi fyrirkomulagi er tryggt, með samkomulagi þeirra aðila sem að sjóðnum standa, að sjónarmið allra hagsmunaaðila endurspeglast á ársfundi og inni í stjórn sjóðsins sem er nauðsynleg forsenda fyrir sæmlegri sátt innan þeirra. Þetta viðheldur sömuleiðis mikilvægum tengslum aðila vinnumarkaðarins við lífeyrissjóðakerfið sem tryggt hefur ábyrgð þeirra og íhlutun með viðhaldi og framgangi kerfisins á hverjum tíma. Þessi tengsl hafa skilað sér í því að hér á landi hefur verið byggt upp almennt samtryggingarkerfi með sjóðasöfnum þar sem öllum launamönnum er tryggður jafn aðgangur óháð þáttum eins og kyni, aldri, heilsufari og fjölskylduaðstæðum. Þetta er ekki sjálfgefið og hefur skapað vandamál hjá mörgum nágrannaþjóða okkar sem glíma nú við mikinn vanda vegna þungra lífeyrisbyrða sem að óbreyttu munu leggjast á komandi kynslóðir.

Í stórum lífeyrissjóðum fengju, samkvæmt þeim hugmyndum sem settar eru fram í frumvarpinu, hundruð þúsunda manna atkvæðisrétt út á það eitt að hafa einhverju sinni greitt inn til sjóðsins og flestir launamenn fengju að líkindum atkvæðisrétt í mörgum sjóðum. Þannig fengi einstaklingur sem greiðir til ákveðins lífeyrissjóðs tímabundið um skamma hríð, sama atkvæðisrétt og sá sem greitt hefur lungann úr starfsævi sinni til sjóðsins og á þar megnið af lífeyrisréttindum sínum. Í ljósi þess að starfsleyfi lífeyrissjóðanna byggir á samblandi áfallinna réttinda og framtíðarréttinda sjóðfélaga, sem er grundvallarforsenda í sjóðasöfnunarkerfi, er sömuleiðis áleitið hvernig fyrirkomulag atkvæðisréttar skuli háttáð í slíku kerfi til að tryggja að jafnræði sé með kynslóðum og starfshópum sem til sjóðsins greiða. Ef tilgangurinn er að



auka lýðræði í sjóðunum er vandséð með hvaða hætti þær breytingar sem frumvarpið boðar muni stuðla að því.

Við þetta má einnig bæta að í stórum lífeyrissjóðum yrði bæði erfitt og kostnaðarsamt að koma kynningu á frambjóðendum til alls þess fjölda sjóðfélaga sem hefði atkvæðisrétt. Ljóst er að það útheimtir talverða fjárhagslega burði sem hlýtur að vekja spurningar um hvernig jafnræði og möguleikar sjóðfélaga til framboðs yrðu í reynd.

Alþýðusamband Íslands leggst því alfarið gegn þeim breytingum á fyrirkomulagi stjórnarkjörs í lífeyrissjóðum sem frumvarpið kveður á um. Með frumvarpinu er án alls samráðs hlutast til um skipulag sem grundvallast á frjálsum kjarasamningi milli aðila vinnumarkaðarins. Þessir aðilar munu, hér eftir sem hingað til, gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja rekstur og viðgang lífeyriskerfisins og því vekur það furðu að lagðar séu fram tillögur um slíkar grundvallarbreytingar án alls samráðs við þessa aðila. Lífeyrissjóðir almenna vinnumarkaðarins mynda þann hluta lífeyriskerfisins sem rekinn er á ábyrgan hátt og grundvallast á því að á hverjum tíma standi eignir undir skuldbindingum og vandanum sé ekki velt áfram á aðra hópa eða framtíðarkynslóðir. Staða lífeyrissjóða sem njóta bakábyrgðar opinberra aðila, sem eru fyrst og fremst sjóðir opinberra starfsmenna, er hins vegar sú að íslenskir skattgreiðendur eru nú ábyrgir fyrir ríflega 500 milljarða króna skuldbindingu umfram eignir í þessum sjóðum. Réttara væri að kjörnir fulltrúar þjóðarinnar einbeittu sé að því leysa þennan vanda í stað þess að ráðast að innviðum almennu lífeyrissjóðanna.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Henný Hinz
hagfræðingur

Alþingi
Erindi nr. D 138/1512
komudagur 7. 4. 2010



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 29. mars 2010


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum, 288. mál.

Með tölvubréfi dags. 11. mars 2010 barst Bankasýslu ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 288. mál.

Fyrir hönd Bankasýslu ríkisins er þakkað fyrir veitt tækifæri til umsagnar, en ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
Bankasýsla ríkisins


Elín Jónsdóttir
forstjóri



Félags löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 138/1296
komudagur 18.3.2010

Reykjavík 15. mars 2010
Tilvísun FLE 15-2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um br. á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 288 mál.

Með tölvupósti dags. 10. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni. Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar. Álitsnefndin tók málið til umfjöllunar og gerir meðfylgjandi athugasemdir við frumvarpið :

Í 3. grein c- liðar frumvarpsins er gert ráð fyrir að við 3. málsgrein 30. greinar laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: „Á ársfundi skal heildarársreikningur vera aðgengilegur fyrir sjóðfélaga.“


Hér er verið að nota hugtakið „heildarársreikningur“ sem er villandi og gefið í skyn að ef um styttri útgáfu sé að ræða að þá sé það ársreikningur. Slík hugtakanotkun hefur ekki verið til staðar, enda hugtakið „ársreikningur“ ætíð náð yfir það sem í frumvarpinu er nefnt heildarársreikningur.

Lagt er því til að 3. grein c- liðar frumvarpsins hljóði þannig: „ Á ársfundi skal ársreikningur vera aðgengilegur fyrir sjóðfélaga. „

Þar af leiðandi er lagt til að 3. grein, 3. málsgrein greinargerðar frumvarpsins orðist: „Með breytingunni í c-lið er lagt til að sjóðfélagar eigi rétt á aðgengi að ársreikningi, ekki bara styttri útgáfu á ársfundi.“

Virðingarfyllt,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda


Sigrður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
B.t. efnahags- og skattanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Eriandi nr. P 138/1450
komudagur 26. 3. 2010

26. mars 2010
Tilvísun: 2010030038

Efui: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 288. mál - 138. löggjafarþing

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupóst efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 11. mars sl., þar sem óskað er umsagnar Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (ársfundir, stjórnir og fjárfestingarstefna sjóða), sem er 288. mál, 138. löggjafarþings.

3. gr.

Í 3. gr. a frumvarpsins er kveðið á um að atkvæðisrétt á ársfundum lífeyrissjóðs hafi allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. Hver sjóðfélagi fari með eitt atkvæði og að einfaldur meirihluti ráði úrslitum mála.

Fjármálaeftirlitið getur tekið undir að miðað við núverandi löggjöf sé stjórnun lífeyrissjóðanna háð ákveðnum umboðsvanda, sem lýsir sér í því að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna sitja þar ekki í krafti umboðs frá þeim sem eiga þau réttindi sem vistuð eru í sjóðunum. Sjóðfélagar, sem eigendur réttindanna, geta í flestum tilfellum ekki haft áhrif á skipan stjórnarmanna, þótt öll starfsemi sjóðanna miði að því að gæta og ávaxta eignir sem eiga að standa undir lífeyri sjóðfélaganna. Frá þessu eru aðeins fáeinar undantekningar, m.a. í Íslenska lífeyrissjóðnum og Almenna lífeyrissjóðnum.

Fjármálaeftirlitið getur fallist á að aukið sjóðfélagalýðræði væri til þess fallið að bæta rekstur lífeyrissjóðanna og auka eftirlit með ráðstöfun fjármuna þeirra. Hins vegar er álitamál hvort það teldist lýðræðislegt í þessu sambandi að sú hugmynd yrði útfærð með þeim hætti að hver sjóðfélagi færi með eitt atkvæði. Er þá haft í huga hvort það væri sanngjarnt að sá sem hefði greitt iðgjöld til lífeyrissjóðs í fáeina mánuði, hefði sama atkvæðavægi og hinn sem hefði greitt þangað öll sín lífeyrisiðgjöld í 40 ár. Þá tekur frumvarpsgreinin ekki á því hvort leggja eigi að jöfnu iðgjöld þeirra sem greiða til sameignardeilda og séreignardeilda lífeyrissjóða.

Fjármálaeftirlitið telur að það yrði almennt til bóta að auka áhrif sjóðfélaga á stjórnarkjör í lífeyrissjóðum, en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við þá útfærslu sem lögð er til í frumvarpinu.

4. gr.

Í 4. gr. a frumvarpsins er lagt til að gerðar séu breytingar á 1. mgr. 31. gr. laganna sem varðar hæfi stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og forstöðumanns endurskoðunardeildar lífeyrissjóðs. Í greinargerð er vísað til að frumvarpsgreinin sé í samræmi við nýsamþykkt lög um Bankasýslu

rikisins, en fyrirhugað er að gera sambærilegar breytingar á 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki, skv. frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi.

Í gildandi lögum er kveðið á um að stjórnarmenn í lífeyrissjóði skuli vera fjár síns ráðandi, en bætt hefur verið inn í málsgreinina að þeir skuli einnig vera fjárhagslega sjálfstæðir. Í öðru lagi er samkeppnislögum bætt við þá upptalningu sem fyrir er í lögnum yfir þau lög sem stjórnarmenn mega ekki hafa hlotið dóma fyrir brot á síðastliðin fimm ár. Í þriðja lagi er bætt við þann lista orðunum „eða sérlægum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.“

Með síðasttalda atriðinu er í reynd tiltekið að þeir stjórnarmenn sem hlotið hafa dóma fyrir brot á lögum nr. 161/2002 um fjármálaafyrirtæki, lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði eða lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti svo eitthvað sé talið, uppfylli ekki hæfisskilyrði laganna til setu í stjórn lífeyrissjóðs. Jafnframt fellur undir þessa skilgreiningu brot á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, enda verður að telja eðlilegt að brot á þeim lögum varði vanhæfi til setu í stjórn lífeyrissjóðs, en svo er ekki samkvæmt gildandi lögum.

Fjármálaeftirlitið telur að sú breyting sem hér er lögð til sé til bóta, með vísan til þess sem að ofan greinir.

Í 4. gr. b er lagt til að um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfavíðskipta stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna lífeyrissjóða fari samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Fjármálaeftirlitið telur að frumvarpsgrein þessa þyrfti að útfæra með nákvæmari hætti og tiltaka til hvaða greina eða hvaða kafla umræddra laga er verið að vísa.

5. gr.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við 37. gr. laganna sem kveði á um að fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs skuli ætíð vera aðgengileg fyrir sjóðfélaga. Ennfremur skuli stjórn lífeyrissjóðs birta upplýsingar um fjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfum, afleiðusamningum og aðrar skuldbindingar sjóðsins og stöðu þeirra á 12 vikna fresti á skilmerkilegan og aðgengilegan hátt fyrir sjóðfélaga, þ.e. hversu mikið er fjárfest í hverjum flokki.

Fjármálaeftirlitið er almennt fylgjandi auknu gagnsæi í rekstri aðila á fjármálamarkaði, þar með auknum aðgangi sjóðfélaga að upplýsingum um fjárhagslega stöðu lífeyrissjóða eins og lagt er til í 5. gr. og í 3. gr. c. Hins vegar telur Fjármálaeftirlitið að ofangreind grein frumvarpsins nái ekki tilgangi sínum að öllu leyti, þar sem það veiti sjóðfélögum takmarkaða innsýn í fjárhagsstöðu sjóðsins að birta aðeins upplýsingar um hversu mikið er fjárfest í hverjum þeirra flokka sem frumvarpsgreinin tiltekur. Fjármálaeftirlitið myndi því mæla með að frumvarpsgreinin yrði útfærð nánar.

6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að 55. gr. laganna verði breytt á þann veg að refsing við brotum á lögnum verði þyngd úr einu ári í tvö ár.

Fjármálaeftirlitið er hlynnt þeirri tillögu sem fram kemur í frumvarpinu að þyngja viðurlög í 55. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið vill hins vegar í þessu sambandi vekja athygli á að 27. október 2004 skipaði þáverandi forsætisráðherra, að tillögu dómsmálaráðherra og viðskiptaráðherra,

nefnd um viðurlög við efnahagsbrotum. Markmið nefndarinnar var að móta ný viðmið um beitingu viðurlaga við efnahagsbrotum, þ.e. hvenær rétt væri að beita stjórnvaldssektum annars vegar og annars konar viðurlögum hins vegar. Nefndin skilaði niðurstöðum sínum í Skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum, þann 12. október 2006. Í meginatriðum fólust niðurstöður hennar í þyngingu refsheimilda og auknum heimildum til að beita stjórnvaldssektum við brotum á fjármálamarkaði.

Í framhaldi af skýrslu nefndarinnar lagði viðskiptaráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, sbr. 523. mál, 133. löggjafarþing 2006–2007. Frumvarp þetta varð síðar að lögum nr. 55/2007 um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði.

Með lögum þessum var gerð breyting á viðurlagaköflum laga nr. 33/2003, um verðbréfavíðskipti, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, laga nr. 34/1998, um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, laga nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi og laga nr. 32/2005, um miðlun váttrygginga.

Nefndin um viðurlög við efnahagsbrotum gerði það einnig að tillögu sinni að sambærilegar breytingar yrðu gerðar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ekki var farið eftir þeirri tillögu nefndarinnar þegar frumvarp það sem síðar varð að lögum nr. 55/2007 var lagt fyrir Alþingi í janúar 2007. Eru lífeyrissjóðirnir því einu aðilarnir á fjármálamarkaði hér á landi sem ekki lúta þeirri samræmingu viðurlaga sem komið var á með ofangreindum lögum.

Nú liggja aðeins refsiviðurlög við brotum á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða en núverandi ákvæði 55. gr. er svohljóðandi: „Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt.“

Fjármálaeftirlitið telur að við endurskoðun á viðurlagaákvæði laga nr. 129/1997 ætti að hafa tillögur framangreindrar nefndar um viðlög við efnahagsbrotum í huga, en ein af tillögum hennar fólst í að hækka refsiramma laganna um eitt ár, eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Jafnframt ætti að taka upp tillögur nefndarinnar að setja ákvæði um heimild til álagningar stjórnvaldssekta inn í lög.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ólafur E. Friðriksson
Ólafur E. Friðriksson

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. mars 2010
2010030011/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum,

Visað er til tölvupósts/bréfs frá sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 15. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 342. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp enda kemur það ekki inn á verksvið stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 138/1514
komudagur 7.4. 2010

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. mars 2010

UMSÖGN Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

138. löggjafarþing 2009-2010.

Þskj. 332 – 288. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis sendi málið til umsagnar Hagsmunasamtaka heimilanna (HH), með tölvupósti skjalavarðar nefndasviðs Alþingis, 11. mars 2010.

Almennt

Breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu miða almennt að því að auka traust og gagnsæi í samfélaginu, sem full þörf er á, svo sem með meira og beinna lýðræði innan lífeyrissjóða. Meðal annars er verið að horfa til meira samræmis á milli lífeyrissjóða, með því að mæla fyrir um fleiri atriði í lögum en færri í samþykktum hvers lífeyrissjóðs. Með því er verið að gera lífeyrissjóðakerfið einsleitara og gagnsærra og á heildina litið einfaldara. Það gæti til dæmis auðveldað mögulegar sameiningar lífeyrissjóða í framtíðinni, sem á að leiða til minni rekstrarkostnaðar og um leið hærri útgreiðsluhlutfalls til sjóðfélaga.

Breytingar styrkja aðkomu almennra sjóðfélaga, til dæmis með beinum atkvæðisrétti og möguleika til að kynna sér gögn og upplýsingar og setja sig inn í mál, hvort sem þeir hyggjast hafa áhrif á einstakar ákvarðanir eða taka þátt í stjórnun viðkomandi lífeyrissjóðs eða ekki.

Í lífeyrissjóðum er samankomið mikið fé sem sjóðfélagar eiga og treysta á til framfærslu á efri árum. Ábyrgð stjórnarmanna, stjórnenda og endurskoðunaraðila sjóðanna er því mikil. Hæfi hvers þessara aðila þarf að vera óumdeilt og taka þarf ákvarðanir af óháðum aðilum hverju sinni, af fagmennsku. Frumvarpið styrkir þetta og einnig að ofangreindir umboðsaðilar starfi við eðlilega gagnrýni, umræður og eftirlit umbjóðenda sinna.

Frumvarpið leggur í sex lagagreinum til breytingar á jafnmörgum greinum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, (sjá greinanúmer innan sviga). Breytingar eru lagðar til varðandi; samþykktir lífeyrissjóða (27), verkefni stjórnar (29), ársfund (30), stjórnarmenn, stjórnendur og eftirlitsaðila (31), fjárfestingarstefnu / upplýsinga-skyldu (37) og brot gegn lögum, sektir og fangelsi (55).

HH telja frumvarpið gagnlegt – það auki traust og styrki lífeyrissjóði og stöðu heimila.

Ákvæði um breytingar á samsetningu stjórnar eru jákvæðar að mati HH. Til að taka af vafa um hugsun í 30. grein er lagt til eftirfarandi orðalag, í upphafi nýju málsgreinarinnar: „Stjórn lífeyrissjóðs skal kjörin á ársfundi af sjóðfélögum, að lágmarki 3/5 hlutum stjórnarmanna frá launþegum og að hámarki 2/5 hlutum stjórnarmanna frá sjálfstæðum atvinnurekendum”

Hugleiða má hvort ekki sé gagnlegt að tryggja almennum sjóðfélögum beinan framboðsrétt og kjörgengi til stjórnar, að uppfylltum hæfisskilyrðum. Einnig að hluti stjórnarmanna sé samt utanaðkomandi og um leið algerlega óháðir fagmenn, í bland við launþega og vinnuveitendur.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Arinbjörn Sigurgeirsson, lagasvið

Alþingi
Erindi nr. P 138/1274
komudagur 17.3.2010

16. mars 2010

Efnahags- og skattanefnd Alþingis

288. mál.

Greining Íslandsbanka mun ekki gefa umsögn um þetta frumvarp.

Kær kveðja

Ingóflur Bender

Ingólfur Bender

Forstöðumaður Greiningar



Alþingi
Erindi nr. P 138/1511
komudagur 7.4.2010

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29. mars 2010

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um þskj. 332, 288. mál, 138. lþ, frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum

Með tölvubréfi dags. 11. mars 2010, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Frumvarpið lýtur að formbreytingum á starfsemi lífeyrissjóða til að tryggja aukið lýðræði, gagnsæi, eftirlit og áhrif sjóðfélaga á starfsemi lífeyrissjóða. Meðal annars fái almennir sjóðfélagar tækifæri til að bjóða sig fram til stjórnarsetu, að því gefnu að þeir uppfylli hæfisskilyrði til þess. Jafnréttisstofa gerir ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, en vill benda á að bæði kynin eru almennir sjóðfélagar í lífeyrissjóðum og skylt skv. lögum að tryggja sér lífeyrisréttindi. Mikilvægt er því að sjónarmið beggja kynja verði höfð að leiðarljósi við breytingar á starfsemi lífeyrissjóða og að breytingarnar sem frumvarpið kveður á um, tryggi aðkomu beggja kynja að ákvörðunartöku um starfsemi lífeyrissjóða.

Virðingarfyllst,
f.h. Jafnréttisstofu

Sigríður Svana Helgadóttir lögfræðingur

**LEB****Landssamband eldri borgara**

Langholtiðvegur 111, 104 Reykjavík
KT: 600989-4059; Fax: +3545515835
Símar: +3545677111/ +3546986250
Netfang: leb@leb.is
Heimasíða: www.leb.is

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1403
komudagur 26.3.2010

Reykjavík 26. Mars 2010

Umsögn um Frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari beytingum 288. mál þskj. 332. Umsögn um frumvarp um lífeyrissjóði. Flutt af þingmönnum úr Framsóknarflokki, Samfylkingu og Hreyfingu.

Landssamband eldri borgara telur að auka þurfi lýðræði við stjórnun lífeyrissjóða í landinu. Umrætt frumvarp þingmanna úr þremur flokkum gengur í þá átt. Í dag eru stjórnir lífeyrissjóða í höndum fulltrúa verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda, jafnmargra fulltrúa frá hvorum aðila. Frumvarpið kveður á um að launþegar fái meirihluta í stjórnun lífeyrissjóða, 3/5 fulltrúa á mótum 2/5 frá vinnuveitendum. Allir sjóðfélagar fái atkvæðisrétt á aðalfundum lífeyrissjóðanna. Þessar tillögur virðast til bóta og mundu auka lýðræði í lífeyrissjóðum.

LEB leggur þó til breytingar á 3. gr a. lið. Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Atkvæðisrétt á fundinum hafa allir þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn fyrir síðustu áramót. (þar kæmi viðbót) **og sjóðfélagar sem vegna aldurs greiða ekki lengur í sjóðinn en fá úr honum lífeyri.** Hver sjóðfélagi fer með eitt atkvæði o.s.frv.

Greinargerð :

Þeir sjóðfélagar sem greitt hafa í sjóðinn árum saman en eru byrjaðir töku lífeyris eiga að vera jafn gildir og aðrir sem greitt hafa fyrir síðustu áramót, e.t.v. bara verið eitt ár í sjóðnum. Það er réttlætismál að eldri borgarar hafi eitthvað um það að segja hvernig farið er með fjármuni sjóðsins.

Hvað varðar mál 167, úttekt á gjaldmiðilsmálum og mál 287 um mótun efnahagsstefnu án alþjóðagjaldeyrissjóðsins tekur LEB ekki afstöðu og mun því ekki senda umsögn.

Fh. Landssambands eldri borgara

Helgi K. Hjálmsón, formaður

Valgerður K. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lífeyrissjóðalögum, nr. 129/1997, 288. mál.

Borist hefur erindi frá efnahags- og skattanefnd Alþingis, dags. 11. mars s.l., þar sem óskað er eftir því að Landssamtök lífeyrissjóða gefi umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 288 mál.

Eins og fram kemur í frumvarpinu leggja flutningsmenn til að umfangsmestu breytingarnar verði gerðar á 30. grein lífeyrissjóðalaganna, sem fjallar m.a. um ársfundi lífeyrissjóðanna o.fl. Nokkur önnur ákvæði í frumvarpinu eru afleidd af þessari megin breytingu.

Í greinargerð frumvarpsins er vísað í niðurstöðu skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, sem hann vann fyrir Landssamtök lífeyrissjóða árið 2004. Fylgir skýrsla Tryggva með sem fylgiskjal við þessa umsögn. Í niðurstöðu skýrslunnar segir svo orðrétt: (feitletrun LL)

„Stjórnun lífeyrissjóða virðist í meginatriðum vera líkt háttáð í þeim löndum sem hér eru skoðuð. Ef um opna sjóði er að ræða virðist meginreglan vera svipuð þeirri sem hér tíðkast, þ.e. að vörsluaðili og sjóðfélagar skipi stjórn, oftast til helminga, og eru fulltrúar sjóðfélaga kosnir á aðalfundi. Fyrirtækjasjóðir á borð við þá sem þekkjast í flestum löndunum nema á Íslandi eru skipaðir fulltrúum fyrirtækis og fulltrúum starfsmanna og fer val fulltrúa launþega yfirleitt fram á aðalfundi. Lokaðir sjóðir, líkt og eru meginregla hér á Íslandi, eru nær alltaf skipaðir fulltrúum launþega og fulltrúum atvinnurekenda til helminga. Ef um starfsgreinasjóði er að ræða velur verkalyðsfélag yfirleitt fulltrúa launþega í stjórnina og heildarsamtök atvinnurekenda hina stjórnarmennina. Þó er til dæmis heimilt í Finnlandi að velja fulltrúa starfsmanna í lífeyrisstofnun í opinni kosningu. Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðist hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndunum.“

Með hliðsjón af þessum megin niðurstöðum úr skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar, þar sem m.a. var leitað til Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, þá telja Landssamtöki lífeyrissjóða enga sérstaka ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi sem almennt tíðkast um val stjórnarmanna í lífeyrissjóðum, bæði hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Jafnframt má benda á að ákvæði um fyrirkomulag og skipan í stjórnir lífeyrissjóða er að mestu á forræði aðila vinnumarkaðarins. Þetta fyrirkomulag hefur gefist sérstaklega vel, enda líta flestar þjóðir til Íslands með öfundaraugum, hversu vel hefur tekist til að byggja upp öflugt lífeyrissjóðakerfi hér á landi.

Um önnur ákvæði frumvarpsins vilja Landssamtök lífeyrissjóða taka eftirfarandi fram:

Ekki er gerð athugasemd við b-lið og c-lið 3. gr. frumvarpsins, að öðru leyti en því að ekki er ljóst hvað átt er við hugtakið „heildarársreikningur“. Sama á reyndar við um orðin „gögn og upplýsingar“. Í greinargerð er talað um „nauðsynlegar upplýsingar“. Þessi ákvæði þyrfti að skýra nánar, ef þau eiga að ná fram að ganga í lögunum.

Í 4. gr. frumvarpsins a-lið er annars vegar verið að bæta við beinni tilvísun til framkvæmdastjóra og forstöðumanns endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila og hins vegar verið að skerpa á hæfisskilyrðum með ítarlegri tilvísun til tiltekinna lagabálka sem viðkomandi aðilar mega ekki hafa gerst brotlegir við.

Í þessu sambandi er vert að benda á að samkvæmt gildandi lögum gilda hæfisskilyrði fyrir stjórnarmenn og einnig um framkvæmdastjóra, sbr. 6. mgr. 31. gr. 1. 129/1997. Landssamtök lífeyrissjóða gera ekki athugasemdir við tilvísun til forstöðumanns endurskoðunardeildar eða sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila, né heldur ítarlegri tilvísun til þeirra laga sem viðkomandi aðilar mega ekki hafa gerst brotlegir við.

Ákvæði um meðferð trúnaðarupplýsinga er nú þegar að finna í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 129/1997 um lífeyrissjóðina. Það má ráða af skoðun lögskýringargagna að inntak ákvæðis um þagnaskyldu sé það sama lífeyrissjóðalögunum og í 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Ekki verður séð að slíkt ákvæði sé í lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Landssamtök lífeyrissjóða telja því ekki efni til framangreindrar breytinga á ákvæðum um meðferð trúnaðarupplýsinga.

Hvað reglur um verðbréfavíðskipti varðar, er rétt að áréttta að af sjálfu leiðir að lög um verðbréfavíðskipti gilda um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða sem og verðbréfavíðskipti stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og starfsmanna. Þá hafa stjórnir lífeyrissjóða sett hverjum sjóði verklagsreglur um verðbréfavíðskipti viðkomandi sjóðs, stjórnar hans og starfsmanna. Reglur þessar eru settar með vísan til 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997, með síðari breytingum. Fyrirmynd að reglum þessum fylgir sem fylgiskjal með umsögn þessari


Í 4. gr. frumvarpsins c-lið er mælt fyrir um takmarkanir á þátttöku framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs í atvinnurekstri. Í greinargerð með því frumvarpi er mælt fyrir um afnám heimildar stjórnar til að gera undantekningu þar á. Í rökstuðningi í greinargerð kemur fram að: „...tekinn

verði af allur vafi af um það að framkvæmdastjóri eigi ekki að sinna sjálfstæðum atvinnurekstri samhliða störfum sínum sem æðsti stjórnandi lífeyrissjóðs.“

Landssamtök lífeyrissjóða telja að færa megi rök fyrir því að hér sé um óþarflega takmarkandi ákvæði að ræða. Gildandi ákvæði setur skorður við atvinnuþátttöku framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs. Vel má ímynda sér tilvik þar sem framkvæmdastjóri á hlut í fyrirtæki eða sinnir takmarkaðri atvinnustarfsemi sem á engan hátt er til þess fallin að skarast á við starf hans sem framkvæmdastjóra. Í slíkum tilvikum, þar sem möguleg hætta er ekki á hagsmunaárekstrum, er eðlilegt að ætla stjórn heimild til að veita undanþágu frá meginreglunni. Eðlilegt er að löggjafinn gangi ekki lengra en nauðsynlegt er í þessum efnum, þar sem um takmörkun á atvinnufrelsi er að ræða.

Í 5. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 37. grein laganna þar sem fjallað er um upplýsinga-skyldu varðandi fjárfestingastefnu. Hér þarf að taka af öll tvímæli að ekki sé átt við einstakar fjárfestingar viðkomandi lífeyrissjóða, heldur einungis við upplýsingar um eignaflokka. Þá er ekki ljóst hvað flutningsmenn eiga við þegar talað er um „fjárfestingar í afleiðu-samningum.“

Varðandi ákvæði um breytingu til þyngrri refsingar úr einu ári í tvö ár, sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins, þá er einfaldlega lögð áhersla á að gæta þurfi meðalhófs og samræmis við ákvörðun um refsipýngd.

Virðingarfyllt
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri

Stjórnun lífeyrissjóða

Skýrsla til Landssamtaka lífeyrissjóða

**Tryggvi Þór Herbertsson
2004**

1. Inngangur

Á undanföllum misserum hafa átt sér stað umræður í fjölmiðlum og víðar um það hvernig menn eru valdir í stjórnir íslensku lífeyrissjóðanna og hvort núverandi stjórnskipulag íslensku sjóðanna sé séríslenskt fyrirbæri eða eigi sér fyrirmynd í nágrannalöndunum. Til að reyna að varpa ljósi á þessi atriði var ákveðið að taka saman eftirfarandi skýrslu um skipan stjórna lífeyrissjóða fyrir Landssamtök lífeyrissjóða. Í skýrslunni er farið yfir fyrirkomulag stjórna lífeyrissjóða í nokkrum löndum, auk þess sem lítillega er fjallað um hvaða vandamál mismunandi skipulag stjórna skapar.

Meginhlutverk lífeyrissjóða, sem byggjast á sjóðsöfnun, er að taka við greiðslum frá einstaklingum og fyrirtækjum, ávaxta greiðslunar, halda réttindabókhald og greiða út eftirlaun, örorkubætur, makalífeyri og barnalífeyri – allt eftir því sem við á. Til að inna þessar skyldur af hendi þarf að taka margvíslegar ákvarðanir innan laga, reglna og samþykktá sem um lífeyrissjóði gilda á hverjum tíma. Þessar ákvarðanir taka stjórnir lífeyrissjóða, annaðhvort beint eða óbeint, með því að framselja vald til aðila sem til þess eru valdir, svo sem framkvæmdastjóra, sjóðstjóra eða tryggingafræðinga, eða jafnvel til verðbréfafyrirtækja eða banka sem geta séð um fjárfestingar og rekstur. Endanleg ábyrgð hvílir þó ávallt hjá stjórn lífeyrissjóðsins. Þetta virðist í fljótu bragði vera nokkuð einfalt verk, en þegar hugað er betur að þeim grunni sem ákvarðanir stjórna byggjast á blasir við að aðgangur að fullnægjandi upplýsingum er lykilforsenda þess að hægt sé að leysa starfið vel af hendi – upplýsingum sem oft eru flóknar eða liggja ekki fyrir. Af þessum ástæðum eru ákvarðanir oftast háðar mati á framtíðarþróun og slíku mati fylgir ávallt áhætta.

Í meginatriðum er um tvenns konar áhættu að ræða, fjárfestingaráhættu og lýðfræðilega áhættu. Fjárfestingaráhættan felst í ákvörðunum um eignakaup, en þróun eignaverðs er mikilli óvissu undirorpin eins og alkunna er. Lýðfræðileg áhætta stafar hins vegar af því að ekki liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um það hvernig dánar-, örorku- og fæðingartíðni muni þróast í framtíðinni. Stjórnir lífeyrissjóða þurfa því að hafa allgóða sýn yfir hvaða áhætta fylgir hverri ákvörðun.

Í ljósi þess sem að framan er lýst verða löggjafar- og framkvæmdavaldið að spyrja sig eftirfarandi grundvallarspurningar: Hvernig stjórnskipulag er best til að tryggja hagsmuni

sjóðfélaga? Til að tryggja hagsmuni sjóðfélaga ættu lög, reglugerðir og samþykktir að ná til ákvarðana sem teknar eru innan ramma lífeyrissjóða á þann hátt að sjóðfélagar hafi úrræði til að fylgjast með stjórn sjóðanna. Gott reglugerðarverk tryggir gagnsæi og að ábyrgð allra sem koma nálægt stjórn sjóðanna sé skýrt afmörkuð, auk þess sem skilgreina þarf lágmarkskröfur til stjórnenda. Samþykktir verða einnig að skilgreina hvað felst í innra eftirliti, hvernig samskiptum við sjóðfélaga skuli háttað og hvernig tekið skuli á umkvörtunum sjóðfélaga og úrbætur afgreiddar.

Lokaðir sjóðir eru skilgreindir sem lífeyrissjóðir sem tilheyra ákveðnum starfsgreinum og eru almennt ekki opnir fyrir starfsmenn sem starfa í öðrum greinum. Starfsgreinasjóðirnir íslensku flokkast sem lokaðir sjóðir þar sem einstaklingur úr starfsgrein sem ekki stendur að sjóðnum er útilokaður frá þátttöku í honum. Þannig getur fiskvinnslufólk ekki verið í Lífeyrissjóði opinberra starfsmanna og ríkisstarfsmenn ekki í Lífeyrissjóði verslunarmanna, svo dæmi sé tekið. Opnir sjóðir eru hins vegar sjóðir sem taka við framlögum óháð starfsstétt viðkomandi.

Mikil munur er á stöðu sjóðfélaga eftir því hvort sjóðirnir eru opnir eða lokaðir. Í lokuðum sjóðum geta sjóðfélagar í fæstum tilfellum fært sig í annan sjóð ef óánægja er með rekstur sjóðsins nema ef skipt er um starf — iðgjöld sem greidd hafa verið eru læst í sjóðnum. Í opnum eða frjálsum sjóðum er hins vegar hægðarleikur að flytja uppsöfnuð iðgjöld í annan sjóð þó oftast sé einhver kostnaður því samfara — sjóðfélagar geta kosið með fótunum. Annar munur á opnum og lokuðum sjóðum er sá að lokuðu sjóðirnir ættu að búa við minni kostnað. Þetta stafar af því að lokuðu sjóðirnir hafa skylduáðild sem tryggir þeim jöfn og stöðug iðgjöld, en opnu sjóðirnir þurfa oft að leggja í dýrt markaðsstarf til að laða til sín nýja félag. Í lokuðu sjóðunum ríkir fulltrúalýðræði. Viðkomandi stéttarfélag og atvinnurekendur skipa yfirleitt hvor sinn helming stjórnar en í opnum sjóðum skipa sjóðfélagar yfirleitt minni hluta stjórnar í opinni kosningu og rekstraraðili meiri hluta með tilnefningu.

Í viðum skilningi er stjórnskipulag lífeyrissjóða safn skráðra reglna, hvort heldur sem þær eru settar af stjórn sjóðsins, löggjafar- eða framkvæmdavaldinu, sem miða að því að tryggja hagsmuni sjóðfélaga. Í fullkomnum heimi myndu þessi lög og reglur tryggja að allir sem kæmu nærri ákvörðunum á vegum sjóðsins hefðu hvata til að breyta ávallt með hagsmuni sjóðfélaga í huga og tryggja þeim þannig hámarkslífeyri á eftirlaunaárunum. Heimurinn er því

miður ekki fullkominn og eitt algengasta vandamál lífeyrissjóða er svokallaður umboðsvandi, en hann skapast þegar þeir sem eiga réttindi í sjóðum eru ekki hinir sömu og stjórn þeim. Þessir hagsmunaaðrekkstrar geta á stundum haft áhrif á áhættustýringu sjóða sem aftur getur bitnað á ávöxtun þeirra. Ein hætta sem er sameiginleg öllum tegundum sjóða er röng meðferð fjármuna og jafnvel sviksamlegt hátterni framkvæmdastjóra, umsjónaraðila eða stjórnarmanna. Þetta getur til dæmis komið fram á þann hátt að stjórnandi eða umsjónaraðili taki fé að láni úr sjóði eða víki einfaldlega eignum undan. Frægasta dæmið um þetta í seinni tíð var þegar Robert Maxwell heitinn notaði (lokaða) lífeyrissjóði fyrirtækja sinna til að þrýsta hlutabréfaverði upp í gjaldþrota fyrirtækjum sínum. Önnur hætta sem steðjar að lífeyrissjóðum er að stjórnendur þeirra noti trúnaðarupplýsingar til að stunda innherjaviðskipti. Dæmi um þetta væri ef stjórnarmaður myndi selja hlutabréf sín í tilteknu félagi á grundvelli upplýsinga sem hann öðlaðist vegna starfa sinna fyrir lífeyrissjóð.

Umboðsvandi getur einnig tekið á sig almennara form sem birtist í því að ekki er leitast við að hámarka árangur lífeyrissjóðs. Þetta gæti til dæmis gerst ef stjórn samsett atvinnurekendum og fulltrúum verkalýðsfélaga tæki ákvörðun um að kaupa hluti í hlutafélögum sem ættu í verulegum og langvarandi rekstrarerfiðleikum. Verkalýðsarmurinn gerði það þá til að tryggja félagsmönnum vinnu, en atvinnurekandinn til að forða félagi innan vébanda sinna frá gjaldþroti. Þetta kæmi tvímælalaust niður á árangri sjóðsins og eftirlaunum sjóðfélaga í framtíðinni og lýsir umboðsvandanum í hnotskurn. Þegar kemur að fjálsu sjóðunum gæti vandamálið birst þannig að rekstraraðilar lífeyrissjóðs, til dæmis verðbréfafyrirtæki eða banki, gæti notað fjármuni sjóðsins til að kaupa bréf sem á einhvern hátt væru rekstraraðila þóknanleg. Sem betur fer eru vandamál eins og lýst hefur verið hér fátíð á Íslandi. Undanfarin ár hefur allt regluverk, upplýsingaskylda og eftirlit verið styrkt mjög og erfitt er að sjá fyrir sér að alvarleg vandamál geti komið upp, þótt eflaust geti orðið hnökrar í framtíðinni. Til að varpa ljósi á hvernig stjórn lífeyrissjóða er almennt háttað í nágrennalöndum okkar er í öðrum kafla skýrslunnar fjallað um fyrirkomulagið í nokkrum Evrópulöndum. Í þriðja og síðasta kaflanum er fyrirkomulagið á Íslandi borið saman við það sem algengast er í samanburðarlöndunum. Til að auðvelda enn samanburð eru í viðauka við skýrsluna bornir saman á samræmdan hátt nokkrir þættir sem einkenna stjórnun lífeyrissjóða í löndunum sem til skoðunar eru.

Upplýsingar sem birtar eru í skýrslunni eru fengnar frá landssamtökum lífeyrissjóða í viðkomandi löndum, auk þess sem stuðst var við fjölrítið: *Pension Fund Governance* eftir Annamaria Marossy og Juan Yermo hjá OECD.

Reykjavík í apríl 2004

Þryggvi Þ. Hersholtsson

2. Fyrirkomulag stjórna í ýmsum löndum

Til að fá sem besta sýn yfir hvernig stjórnun lífeyrissjóða er almennt háttað í nágrannalöndunum er hér lýst stuttlega stjórnarfyrirkomulaginu í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi, Hollandi, Írlandi, Noregi og Svíþjóð auk Íslands. Upphaflega var ætlunin að rekja einnig fyrirkomulagið í Frakklandi en fljótlega var horfið frá því þar sem lífeyrissjóðir líkir þeim sem Íslendingar þekkja fyrirfinnast ekki þar. Er það talið stafa af þrem meginástæðum: 1) Almannatryggingarstoð franska lífeyriskerfisins, sem byggist á gegnumstreymisfyrirkomulagi, greiðir ríflegar bætur til eftirlaunaþega; 2) Fremur er hvatt til almenns sparnaðar en viðbótarlífeyrissparnaðar og 3) Skattlagning gerir það að verkum að óhagkvæmt er fyrir hátekjufólk að nýta sér viðbótarlífeyrissparnað. Auk þess sem fjallað er um hvert land fyrir sig er í lok skýrslunnar birt yfirlitstafla þar sem borið er saman á staðlaðan hátt fyrirkomulag og tegund sjóða í löndunum átta, auk þess sem fyrirkomulag stjórna og kosning þeirra er rakin. Þá er í töflunni fjallað um kröfur til stjórnarmanna, val þeirra og lengd kjörtímabila.

Bretland

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á reglum þeim er gilda um stjórnir lífeyrissjóða í Bretlandi. Er það hluti af vinnu sem miðar að því að einfalda lög um starfsgreinallífeyrissjóði. Gert er ráð fyrir að þessari vinnu verði lokið árið 2005. Umfjöllunin hér miðast við nágildandi reglur.

Í Bretlandi verða lokaðir lífeyrissjóðir að vera í fjárvörslu (e. *trust form*). Engin takmörk eru á fjölda sjóðfélaga og fjárvörslumenn (e. *trustee*) sjá um ráðstöfun eigna með það eitt að markmiði að tryggja hag sjóðfélaga. Í bresku lífeyrisslökkjöfnum er tiltekið að að lágmarki skuli 1/3 hluti fjárhaldsmanna vera skipaður af sjóðfélögum. Sjóðir með yfir hundrað meðlimi skulu hafa að lágmarki tvo sjóðfélaga í stjórn en minni sjóðir skulu hafa einn. Aðrir stjórnarmenn koma venjulega frá atvinnurekanda, þeim félögum sem greiða í sjóðinn eða þeim félögum sem sestir eru í helgan stein. Einstaklingur sem dæmdur hefur verið fyrir svik eða lýstur gjaldþrota má ekki verða fjárhaldsmaður lífeyrissjóðs. Tryggingafræðingur og endurskoðandi sjóðs mega ekki sitja í stjórn hans. Kjörtímabil nær til að lágmarki þriggja ára en að hámarki sex. Engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila sem fjárhaldsmaður getur setið. Kröfur eru gerðar

um að fjárhaldsmenn sem valdir eru af sjóðfélögum séu sjálfir félagar í viðkomandi lífeyrissjóði.

Fjárhaldsmenn eru ábyrgir fyrir öllum gjörðum sjóðsins. Þeir bera ábyrgð á fjárfestingarstefnu hans, en eignastýring verður að fara fram af löggildum aðila. Fjárhaldsmenn geta þó sótt um að sjá um eignastjórn, en algengast er að vista eignastýringuna utan sjóðsins. Fjárhaldsmenn skulu tryggja að framkvæmdastjóri sé starfi sínu vaxinn og sé fær um að fylgja fjárfestingarstefnu eftir fyrir þeirra hönd. Þeir skulu einnig skipa endurskoðanda og tryggingastærðfræðing.

Í löggjöf um lífeyrissjóði frá 1995 eru ýmsar aukakvaðir settar á fjárhaldsmenn, svo sem:

- Að réttur lífeyrir sé greiddur réttum eftirlaunaþega.
- Að halda til haga nákvæmum gögnum um sjóðfélaga, bæði núverandi og fyrirverandi.
- Að endurskoðaðir reikningar séu ávallt til staðar.
- Að ráðum tryggingastærðfræðinga sé hlítt.
- Að iðgjöld standi undir skuldbindingum.
- Að stjórnin þiggi ráð fagmanna.
- Að sjóðfélagar séu upplýstir um sjóðinn og réttindi sín.

Á meðal gagna sem stjórnin þarf að framvísa til eftirlitsaðila, eða til sjóðfélaga ef þeir æskja þess, er yfirlýsing um fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er grunnur að fjárfestingum sjóðsins og samsetningu eignasafns hans. Í fjárfestingarstefnu skulu tiltekin (ef við á) félagsleg, umhverfisleg eða siðferðileg markmið sem miða skal við í fjárfestingum. Þá skal í fjárfestingarstefnu tilgreind stefna (ef einhver er) varðandi réttindi sem fjárfestingu fylgja, svo sem atkvæðisréttur í tilfelli hlutabréfaeignar. Þá skulu fjárhaldsmenn senda ársskýrslu og upplýsingar um ávöxtun til sjóðfélaga ef um er að ræða sjóði sem byggjast á skilyrtum inngreðslum (e. *DC-plan*).

Ábyrgð tryggingastærðfræðinga og endurskoðanda er einnig tilgreind í lögum um lífeyrissjóði frá 1995. Tryggingafræðingar skulu árlega ganga úr skugga um að farið hafi verið að lögum um meðhöndlun iðgjalda og eftirlauna og athuga reglulega hvort sjóðurinn stendur undir

skuldbindingum sínum. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga sjóðsins og skila skýrslu með niðurstöðum af þeirri skoðun til stjórnar. Bæði tryggingafræðingar og endurskoðendur skulu gera eftirlitsaðila viðvart skriflega ef eitthvað óeðlilegt kemur fram við skoðun þeirra. Þá skulu þeir tilkynna eftirlitsaðila ef þeir hætta störfum fyrir sjóð.

Fjárhaldsmenn bera ábyrgð á gjörðum sínum, en ekki er farið fram á að þeir séu tryggðir fyrir mistökum þó oft sé það gert. Sjóðfélagar geta snúið sér til umboðsmanns lífeyrismála, embættis sem sett var á laggirnar með löggjöfinni frá 1995, til að greiða úr málum sínum. Í tilfalli svindls eða misnotkunar fjármuna skulu sjóðfélagar snúa sér til dómstóla.

Danmörk

Í Danmörku eru lífeyrissjóðir settir upp sem stofnanir með sjóðstjórn líkt og á Íslandi, með þann eina tilgang að sjá sjóðfélögum fyrir eftirlaunum og skyldum bótum. Víðtækt samkomulag innan heilla starfsgreina er algengt og lífeyrissjóðir eru því tengdir verkalýðsfélögum. Fyrirtækjasjóðir finnast einnig en þeir verða að hafa að lágmarki fimmtíu félagsmenn.

Bæði hefðbundnir lífeyrissjóðir og fyrirtækjasjóðir skulu hafa sjóðstjórn og aðalfund sem allir sjóðfélagar hafa aðgang að. Starfsgreinalífeyrissjóðir skulu einnig hafa framkvæmdastjóra. Löggjöfin um fyrirtækjasjóðina kveður á um að sjóðstjórnin breyti með hagsmuni sjóðfélaga í fyrirrúmi, þ.e. að skipulag og stjórn sjóðanna sé viðeigandi, og að fjárfestingar séu félögum til hagsbóta. Sjóðstjórnin ákvarðar fjárfestingar og ber endanlega ábyrgð á stjórn sjóðsins. Stjórnin skal stemma af eignir og skuldbindingar, en hún þarf hvorki að samþykka formlega fjárfestingarstefnu né standa skil á slíkri stefnu til þriðja aðila. Stjórnin þarf einnig að halda utan um breytingar á félagatali og standa skil á nauðsynlegum upplýsingum um sjóðinn. Upplýsa skal sjóðfélaga árlega um hve mikil iðgjöld þeir hafa greitt og um bónusa sem þeir hafa fengið. Mikilvægar ákvarðanir eru teknar með meiri hluta á aðalfundi.

Sjóðstjórnir í starfsgreinasjóðum skulu hafa þrjá stjórnarmenn hið minnsta, en ekkert lágmark er í fyrirtækjasjóðunum. Helmingur stjórnarmanna skal vera valinn af sjóðfélögum. Lög sjóðanna kveða á um hvernig fulltrúar sjóðfélaga skuli valdir. Engar reglur gilda um stjórnarlaun.

Stjórnarmenn skulu vera orðnir 18 ára, mega ekki hafa framið sagnæmt athæfi sem heft gæti þá í starfi og verða að hafa viðeigandi þekkingu á málefnum lífeyrissjóða. Reglur um skilyrði sem sjóðstjórar eða fjárhaldsmenn þurfa að uppfylla eru tilgreindar í lögum sjóðanna sjálfra. Stjórnir lífeyrissjóða skulu ráða sér tryggingafræðing sem viðurkenndur er af danska fjármálaeftirlitinu.

Frá 1. júlí 1995 hefur stórum lífeyrissjóðum verið gert skylt að hafa innri endurskoðanda sem svarar beint til stjórna þeirra. Endurskoðendur lífeyrissjóða hafa sömu völd og sama hlutverk og endurskoðendur tryggingafélaga og eru þeir kosnir á aðalfundi sjóðsins.

Finmland

Lífeyrissjóðir eru í meginráttum þrens konar í Finnlandi og eru þeir kallaðir lífeyrisstofnanir (e. *pensions foundations*). Í fyrsta lagi er um að ræða svokallaðar B-stofnanir, en þær sjá um eftirlaun sem kveðið er á um í lögum um lífeyri til handa starfsmönnum (TEL-sjóðir). Í öðru lagi er um að ræða AB-stofnanir, en þær ná bæði yfir viðbótarlífeyrissparnað (A-deild) og lögbundinn lífeyri (B-deild). Í þriðja lagi eru A-stofnanir sem taka eingöngu við viðbótarlífeyrissparnaði.

Lífeyrisstofnunum er stjórnað að lágmarki af fimm manna stjórn og eru engar sérstakar kröfur um hæfi gerðar til þeirra. Líklegt er þó að fagkröfur til stjórnarmanna verði auknar í framtíðinni. Sjóðfélagar velja ekki færri en tvo stjórnarmenn, annaðhvort með atkvæðagreiðslu á aðalfundi eða með vali heildarsamtaka sjóðfélaga. Atvinnurekendur velja aðra í stjórn. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og eru engin takmörk sett á fjölda kjörtímabila sem hver stjórnarmaður getur þjónað. Aðalmarkmið stjórnar er tvíþætt. Annars vegar að ákvarða fjárfestingar og hins vegar að ákvarða eftirlaun og aðrar bætur. Lífeyrisstofnun skal hafa framkvæmdastjóra sem skipaður er af stjórn. Lífeyrisstofnun þarf að hafa tvo endurskoðendur og skal a.m.k. annar þeirra vera valinn af meðlimum stofnunarinnar. Þá skal stofnunin hafa yfir tryggingafræðingi að ráða.

Í Finnlandi starfa einnig lífeyrissjóðir og ná sumir þeirra til heilla iðngreina. Stjórn sjóðanna skal að lágmarki vera skipuð þrem mönnum. Atvinnurekendur velja helming stjórnar og

aðalfundur sjóðfélaga kýs hinn helminginn. Að öðru leyti er fyrirkomulag lífeyrissjóðanna svipað og lífeyrisstofnananna.

Holland

Starfsgreinalífeyrissjóðir eru algengir í Hollandi þó litlir fyrirtækjasjóðir þekkist einnig. Líkt og á Íslandi skipa samtök launamanna, verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda stjórnir lífeyrissjóðanna til helminga. Stjórnarmenn í fyrirtækjasjóðum eru að jafnaði skipaðir af atvinnurekendum og launþegum til helminga, en starfsmenn geta þó skipað meiri hluta. Fjöldi stjórnarmanna er ekki bundinn í lög, en algengt er að stjórnarmenn í starfsgreinasjóðunum séu átta. Lengd kjörtímabila er ekki fastsett en algengt er að þau séu fjögur ár. Ekki eru takmörk á fjölda tímabila sem stjórnarmenn mega sitja. Stjórnarmenn þurfa að uppfylla kröfur sem eftirlitsaðili setur um þekkingu á:

- Rekstri stofnana.
- Viðkomandi lögum og reglum.
- Mismunandi fyrirkomulagi lífeyrismála.
- Fjármálum og tryggingafræði.
- Fjárfestingum.
- Stjórnun og bókhaldi.
- Samskiptum.

Hver og einn stjórnarmaður þarf ekki að hafa yfir allri þessari þekkingu að ráða, en hún þarf að vera til staðar innan hverrar stjórnar. Þótt einstakir stjórnarmenn hafi ekki tiltekna þekkingu bera þeir ábyrgð á öllum málaflokkum til jafns við aðra stjórnarmenn. Stjórnarmenn þurfa að fylla út spurningaeyðublað varðandi þekkingu og skila til eftirlitsaðila og ef hann telur samanlagða fagþekkingu stjórnar ekki fullnægjandi getur hann sððvað skipun stjórnar eða einstakra stjórnarmanna. Eftirlitsaðili gengur úr skugga um ráðvendni stjórnarmanna með því að skoða sakarvottorð.

Stjórn ræður sér tryggingafræðing og endurskoðanda nema ef eftirlaun eru tryggð af utanaðkomandi aðila. Endurskoðandi skilar skýrslu til eftirlitsaðila árlega þar sem fram kemur rekstrar- og efnahagsreikningur, fjárfestingar og arður af þeim. Sjóðir sem ekki tryggja

eftirlaun hjá þriðja aðila þurfa einnig að skila tryggingafræðilegri skýrslu samþykktari af tryggingafræðingi. Stjórnin þarf einnig að veita sjóðfélögum upplýsingar um réttindi sín ásamt yfirliti um stöðu sjóðsins.

Írland

Líkt og í Bretlandi verða lokaðir lífeyrissjóðir á Írlandi að vera í fjárvörslu. Fyrirkomulag er mismunandi milli sjóða, en almennt gildir að sjóðunum er stjórnað af viðkomandi fyrirtæki og/eða hópi einstaklinga. Ef um er að ræða fjárvörslu hóps einstaklinga eru þeir valdir beint af fyrirtækinu úr hópi stjórnenda eða utanaðkomandi fagmanna, til dæmis lögfræðinga, endurskoðenda eða tryggingafræðinga, og af sjóðfélögum. Ef fjárvarslan er í höndum fyrirtækisins getur skipanin til dæmis verið þannig að:

- Fyrirtækið sjái sjálft um fjárvörsluna (algengt þegar um litla sjóði er að ræða).
- Fyrirtækið feli sérhæfðu fyrirtæki rekstur sjóðs.

Lögin um írsku lífeyrissjóði kveða á um að sjóðfélagar geti kosið allt að helming fjárvörslumanna. Fjöldi fjárhaldsmanna er ekki tiltekinn í lögnum, en sjö er algeng tala — þrjú fulltrúar sjóðfélaga, þrjú fulltrúar atvinnurekanda og formaður. Kjörtímabilið er sex ár og engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila. Fjárhaldsaðila er gert að skipa tryggingafræðing og endurskoðanda.

Noregur

Starfsgreinasjóðir þekkjast ekki í Noregi heldur er um að ræða fyrirtækjasjóði. Sjóðirnir eru óháðir bæði verkalýðsfélögum og samtökum atvinnurekenda. Ef sjóður er í umsjá líftryggingafyrirtækis skal hann hafa a.m.k. þriggja manna ráðgjafarráð og þar af skal a.m.k. einn stjórnarmanna annaðhvort þiggja eftirlaun frá sjóðnum eða greiða í hann. Ef sjóðurinn er hins vegar rekinn sem sjálfstæð eining skal auk ráðgjafarráðs kjósa stjórn sem að lágmarki er skipuð tveimur sjóðfélögum og tveimur fulltrúum fyrirtækis. Hér er hugsanlegt að verkalýðsfélag geti komið að málum, en þess fyrir utan hafa þau lítið að segja um þessa sjóði þar sem engir samningar gilda almennt milli þeirra og atvinnurekenda um lífeyrismál í Noregi. Formaður stjórnar getur verið valinn af sjóðfélögum, stjórn eða fyrirtæki. Engin sérstök

hæfnisskilyrði gilda um stjórnarmenn. Stjórn lífeyrissjóðs er gert að skipa sjóðnum tryggingafræðing og endurskoðanda.

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á norska lífeyriskerfinu og verður tillögum þar að lútandi skilað til þingsins 15. desember 2003. Líklegt er að lífeyrissjóðir í Noregi muni í framtíðinni byggjast meira á skilyrtum inngreiðslum og hugsanlegt er að starfsgreinasjóðir muni myndast og spurningin um fyrirkomulag stjórna verða meira aðkallandi í Noregi en nú er.

Svíþjóð

Samkvæmt sænskum lögum geta lífeyrissjóðir tekið á sig tvenns konar lögform, tryggingasamtök (s. *försäkringsförening*) og lífeyrisstofnun (s. *pensionsstiftelse*). Meginmunurinn liggur í því að tryggingasamtökin tryggja lífeyri, en lífeyrisstofnunin tryggir eftirlaun þau er fyrirtækið hefur lofað að greiða í framtíðinni. Sænska fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með tryggingasamtökunum, sveitarfélög með lífeyrisstofnunum. Atvinnurekendur og launþegar skipta með sér stjórn lífeyrissjóðanna. Formaður stjórnar er stundum óháður fylkingunum tveim, en í öðrum tilfellum er formennskan til skiptis hjá hagsmunaaðilunum. Fjöldi stjórnarmanna er mismunandi, en þeir eru sjaldnast færri en átta og oftast eru þeir kosnir til eins árs þótt lengri kjörtímabil þekkist. Ekki eru nein takmörk á fjölda kjörtímabila sem stjórnarmaður getur setið og ekki eru gerðar neinar sérstakar kröfur til stjórnarmanna. Undanfarin ár hefur fjármálaeftirlitið þó beðið stjórnarmenn að skila inn skýrslu sem tilgreinir reynslu, menntun o.fl.

Skyldur stjórnar, aðrar en að stjórn skuli tryggja að staðið sé við lífeyriskuldbindingar, eru ekki tilgreindar sérstaklega. Stjórn hefur eftirlit með rekstri sjóðanna, aðallega fjárfestingum, og að farið sé að lögum. Atvinnurekendur eru skyldugir til að sjá sjóðunum fyrir endurskoðanda. Ekki er farið fram á tryggingafræðilegar úttektir, en atvinnurekanda er gert skylt að sjá til þess að eignir nægi fyrir kuldbindingum.

3. Niðurstaða

Stjórnun lífeyrissjóða virðist í meginatriðum vera líkt háttáð í þeim löndum sem hér eru skoðuð. Ef um opna sjóði er að ræða virðist meginreglan vera svipuð þeirri sem hér tíðkast, þ.e. að vörsluaðili og sjóðfélagar skipi stjórn, oftast til helminga, og eru fulltrúar sjóðfélaga kosnir á aðalfundi. Fyrirtækjasjóðir á borð við þá sem þekkjast í flestum löndunum nema á Íslandi eru skipaðir fulltrúum fyrirtækis og fulltrúum starfsmanna og fer val fulltrúa launþega yfirleitt fram á aðalfundi. Lokaðir sjóðir, líkt og eru meginregla hér á Íslandi, eru nær alltaf skipaðir fulltrúum launþega og fulltrúum atvinnurekenda til helminga.

Ef um starfsgreinasjóði er að ræða velur verkalýðsfélag yfirleitt fulltrúa launþega í stjórnina og heildarsamtök atvinnurekenda hina stjórnarmennina. Þó er til dæmis heimilt í Finnlandi að velja fulltrúa starfsmanna í lífeyrisstofnun í opinni kosningu. Það fyrirkomulag sem tíðkast á Íslandi við val stjórnarmanna virðist því ekki vera frábrugðið því sem almennt gerist í Evrópu. Þetta er athyglisvert í því ljósi að nokkur gagnrýni hefur komið fram á fyrirkomulag það sem haft er um val í stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og því haldið fram að eðlilegra sé að velja stjórnir á almennum opnum fundum sjóðfélaga. Slík aðferð við val í stjórnir starfsgreinasjóða virðist hins vegar heyra til undantekninga í viðmiðunarlöndunum.

Svipaðar reglur virðast gilda um hæfi stjórnarmanna í öllum löndunum. Yfirleitt er ekki farið fram á neina sérþekkingu, en þó eru til dæmis í Hollandi dæmi um að samanlögð þekking stjórnar þurfi að vera nokkuð yfirgripsmikil og getur eftirlitsaðili stöðvað skipun stjórnar ef honum sýnist hún ekki vera næg. Í öllum löndunum er farið fram á að stjórnarmenn séu ráðvandir og hafi ekki verið dæmdir fyrir brot sem snúa að rekstri. Reglur á Íslandi um hæfi stjórnarmanna virðast vera mjög í takt við það sem almennt gerist í Evrópu.

Mismunandi er hvaða reglur gilda um lengd kjörtímabils stjórnar. Í flestum löndunum er kjörtímabil þrjú ár eða lengra, en þó þekkjast eins árs kjörtímabil, til dæmis í Svíþjóð. Hvergi gilda neinar reglur um hve stjórnarmaður getur setið mörg kjörtímabil.

Almennt virðast reglur um stjórn íslensku lífeyrissjóðanna vera mjög áþekkar því sem gerist í nágrannalöndum okkar í Evrópu.

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Bretland	Lokaðir	Fjárvarsla	Að lágmarki 1/3 fjárhaldsmanna skipaður af meðlimum. Engin takmörk á fjölda.	Engar sérstakar kröfur, en líklegt að breytingar verði þar á 2005.	Kosning nær til að lágmarki 3 ára en að hámarki 6 ára. Engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila.
Danmörk	Lokaðir	Sjóðstjórn	Að lágmarki 3 stjórnarmenn í starfsgreinasjóðum. Ekkert lágmark er í fyrirtækjasjóðum.	Stjórnarmenn skulu vera orðnir 18 ára, mega ekki hafa framið saknæmt afbrot sem gæti heft þá í starfi og verða að hafa viðeigandi þekkingu á málefnum.	Lög sjóðanna kveða á um hve mig fulltrúar sjóðfélaga skuli valdir.
Finnland	Lokaðir	Sjóðstjórn	Í starfsgreinasjóðum velja atvinnurekendur helming stjórnar en hinn helmingurinn er valinn á opnum fundi af sjóðfélögum. Að lágmarki 6 stjórnarmenn.	Engar sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna.	Kjörtímabil er 4 ár. Engin takmörk á fjölda kjörtímabila.

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Holland	Lokaðir	Sjóðstjórn	Stjórn verður að hafa fulltrúa skipaða til helminga af atvinnurekendum og launþegasamtökum. Í fyrirtækjasjóðum er helmingur stjórnar að lágmarki skipaður starfsmönnum, en að hámarki er helmingur frá fyrirtæki.	Engar sérstakar kröfur eru á einstaka stjórnarmenn, nema hreint sakarvottorð, en eftirlitsaðili gerir kröfu til þess að sameiginleg þekking stjórnar spanni nokkuð vítt svið. Jafnframt getur eftirlitsaðili hafnað skipun ef hann telur stjórnarmann eða menn ekki búa yfir nægri þekkingu.	Kjörtímabil stjórnar er oftast 4 ár og er engin takmörkun á fjölda kjörtímabila.
Írland	Lokaðir	Fjárvarsla (einstaklinga eða fyrirtækja)	Félagar í starfsgreinasjóði eiga rétt á að kjósa jafnmarga stjórnarmenn og atvinnurekandi.	Engar sérstakar hæfis-kröfur eru gerðar til stjórnarmanna.	Kjörtímabil stjórnar er 6 ár og engin takmörkun er á fjölda kjörtímabila

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Ísland	Lokaðir/opnir	Sjóðstjórn, framkvæmdastjóri/ Vörslufyrirtæki	Lokaðir sjóðir: Verkalýðsfélög og félög atvinnurekenda skipta til helminga með sér stjórnarsætum. Opnir sjóðir: Félagar kjósa sér stjórn á opnum fundi.	Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri verða að: -vera lögráða, -hafa óflekkað mannorð, -hafa ekki brotið af sér sl. 5 ár, -vera búsettir á EES- svæðinu, -búa yfir nægilegri menntun og þekkingu.	Kjörtímabil stjórna er 2 til 4 ár og engin takmörk eru á fjölda tímabila sem stjórnarmaður getur setið í stjórn að öðru leyti en því að SA hefur sett þá vinnureglu að enginn geti verið lengur í stjórn en 6 ár samfellt sem aðalmaður í stjórn sama lífeyrissjóðs.
Noregur	Lokaðir (fyrirtækjasjóðir)	Sjóðstjórn, framkvæmdastjóri	Stjórnin verður að vera skipuð að lágmarki 4 mönnum og þar af minnst 2 mönnum sem kosnir eru af launþegum.	Engar sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna.	Kjörtímabil er 3 ár og engin takmörkun er á fjölda kjörtímabila.

Land	Tegund sjóða	Fyrirkomulag	Stjórnarmenn	Kröfur til stjórnarmanna	Val stjórnar
Svíþjóð	Lokaðir	Sjóðstjórn, eftirlitsaðili	Stjórn skipar til helminga fulltrúa atvinnurekenda og launþega.	Engar sérstakar kröfur eru gerðar til stjórnarmanna. Eftirlitsaðilar hafa þó undanfarin ár beðið tryggingasamtök um skýrslu um reynslu stjórnarmanna.	Oftast eru stjórnir kjörnar til eins árs í senn þó lengri tímabil þekkist. Engin takmörk eru á fjölda kjörtímabila.

15. febrúar 2002

**Leiðbeinandi verklagsreglur Landssamtaka lífeyrissjóða
um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðs, stjórnar hans og
starfsmanna.**

Gildissvið og markmið

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-
tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær taka, eftir því sem við getur átt, til [nafn lífeyrissjóðs], stjórnarmanna og þeirra
starfsmanna hans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta
sjóðsins með einhverjum hætti, svo og fjölskyldna þeirra. Aðrir starfsmenn en ofan-
greindir eru undanþegnir ákvæðum 7. og 9. gr. reglnanna um tilkynningaskyldu og
undirritun yfirlýsingar.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi [nafn
lífeyrissjóðs] og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem þær taka til tengist ein-
stökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megi draga í efa óhlutdrægni
þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Skilgreiningar

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

Fjölskylda:

Maka, sambúðaraðila eða samvistarmaka og ófjárráða börn.

Trúnaðarupplýsingar:

Upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði, þ.á m.
starfsemi eða fyrirætlanir lífeyrissjóðsins, sem ekki hafa verið gerð opinber en
eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upp-
lýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkað-
inum með opinberum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til kauphalla og
skipulegra tilboðsmarkaða teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað
þaðan, sbr. lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

Verðbréf:

- a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis
hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en
fasteign eða einstökum lausafjármunum.
- b. b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða
verðbréfa skv. a-lið.

Ákvæðin eru að hluta byggð á 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti.

Meðferð trúnaðarupplýsinga

3. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfa sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæðin eru byggð á IV. kafla laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.

Markaðshegðun

4. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfaviðskiptum.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sé í eigin þágu viðskiptakjör sem [nafn lífeyrissjóðs] kann að njóta hjá þriðja aðila.

Ennfremur skulu þeir ekki eiga viðskipti með einstök verðbréf á sama tíma og lífeyrissjóðurinn eða sem lífeyrissjóðurinn hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins.

Fyrsti málslíður greinarinnar er byggður á 30. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.

Þagnarskylda

5. gr.

Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn, svo og endurskoðendur lífeyrissjóðs, eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, aðrir starfsmenn sem og endurskoðendur skulu hafa reglu á því hverjir hafi aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Ákvæði þessi eru að hluta byggð á 32. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrissjóðs og starfsemi lífeyrissjóða.

Hæfi

6. gr.

Stjórnarmaður eða starfsmaður [nafn lífeyrissjóðs] er vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um verðbréfavíðskipti sjóðsins ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hans, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.

Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

Ákvæðin um vanhæfi eru byggð á stjórnarsýslulögum. Í 31. gr.laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að um hæfi stjórnarmanns lífeyrissjóðs fari eftir ákvæðum II. kafla stjórnarsýslulaga.

Tilkynningaskylda

7. gr.

Þeir starfsmenn sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd verðbréfavíðskipta sjóðsins með einhverjum hætti skulu að eigin frumkvæði tilkynna yfirmanni sínum eða staðgengli hans um öll víðskipti fyrir eigin reikning samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Tilkynna skal um víðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör.

Þeir starfsmenn sem sjá um fjárfestingar fyrir lífeyrissjóðinn skulu tilkynna um verðbréfaeign sína er þeir taka við starfinu.

Lífeyrissjóðurinn skal halda skrá um tilkynningarskyld verðbréfavíðskipti starfsmanna þar sem skráðar eru upplýsingar um verðbréfin, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

Rannsóknarskylda

8. gr.

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð víðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álits framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar [nafn lífeyrissjóðs], eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði áður en víðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

Undirritun yfirlýsingar

9. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn [nafn lífeyrissjóðs] skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum

Eftirlit

10. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri [nafn lífeyrissjóðs], skulu, eftir því við á, sjá um og bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal núverandi og nýrra starfsmanna og að þeir staðfesti skriflega að þeir hafi kynnt sér þær. Einnig skulu ofangreindir aðilar sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna og starfsmanna [nafn lífeyrissjóðsins] ásamt þeim sem reglurnar varða. Einnig ber ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri [nafn lífeyrissjóðs] hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt.

Brot á reglum

11. gr.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn [nafn lífeyrissjóðs] sem, eftir eðli brots, skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

Viðurlög

12. gr.

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi viðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfa- viðskipti og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. 69. gr. laganna.

Gildistaka

13. gr.

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar [nafn lífeyrissjóðs] og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum.

Yfirlýsing stjórnarmanns/starfsmanns

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér og maka mínum efni reglna um verðbréfavíðskipti [nafn lífeyrissjóðs], stjórnar hans og starfsmanna, dagsettar _____, og heiti því að virða þær reglur í hvívetna.

[Staður], dags. _____

Vottar:



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/1S13
komuda Alþingi 4. 2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	31. mars 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 10. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tvö þingmál. Annars vegar er um að ræða frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald, 333. mál og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (ársfundir, stjórnir og fjárfestingarstefna sjóða), 288. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur í ljósi lögbundins hlutverks síns ekki eðlilegt að tjá sig um ofangreind lagafrumvörp.

Emundur Harðarson

Ráttgjafi

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
vt. Eiríkur Áki Eggertsson
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2010 02-2010030195
T-ums 16/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum - 288. mál, þskj. 332

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. mars 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum -288. mál, þskj. 332.


Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað tryggja aukið lýðræði, gagnsæi, eftirlit og áhrif sjóðfélaga á starfsemi lífeyrissjóða.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að launþegar skuli ætíð vera í meirihluta í stjórn lífeyrissjóða og á að tryggja það með ákveðnu lágmarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem koma frá sjóðfélögum sem eru launþegar og ákveðnu hámarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem geta talist atvinnurekendur. Í athugasemdum við 3. gr. segir svo orðrétt:

„Útfærsla þessa þarf ekki að vera flókin þar sem unnt er að leita eftir leyfi til Persónuverndar til að samkeyra fyrirtækjaskrá þjóðskrár við sjóðfélagaskrá svo að unnt sé að sannreyna hvort sjóðfélagi er atvinnurekandi.“

Ríkisskattstjóri hefur tvær athugasemdir við framanritað. Í fyrsta lagi þá er það ríkisskattstjóri sem rekur Fyrirtækjaskrá en ekki Þjóðskrá. Í öðru lagi hefur Fyrirtækjaskrá eingöngu að geyma upplýsingar um skráða lögaðila en ekki um einstaklinga sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Samkeyrsla á Fyrirtækjaskrá við sjóðfélagaskrá lífeyrissjóða leiðir þar með ekki í ljós hvort að viðkomandi sjóðfélagi hafi með höndum sem einstaklingur atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Að öðru leyti er ekki ástæða að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/1275
komudagur 17. 3. 2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. 3. 2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum.

Í frumvarpinu er lagt til að stjórnir lífeyrissjóða verði kosnar í leynilegri kosningu á ársfundum þeirra. Þessi háttur við val stjórnarmanna komi í stað þess fyrirkomulags sem algengast er og byggir á kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar, að hvor samningsaðili tilnefni jafn marga stjórnarmenn. Þá eru lagðar til breytingar á tilhögun endurskoðunar og eftirlits og lagt til að upplýsingar um fjárfestingar í hlutabréfum, skuldabréfum, afleiðusamningum og aðrar skuldbindingar sjóðsins og stöðu þeirra séu birtar á 12 vikna fresti.

Lífeyriskerfið er stolt okkar Íslendinga og til fyrirmyndar fyrir aðra. Aðrar þjóðir verða að byggja upp lífeyrissjóði eins og hér hefur verið gert vegna þess að gegnumstreymiskerfi sem byggir einvörðungu á fjármögnun lífeyrisgreiðslna með sköttum á vinnandi fólk er ekki sjálfbært þegar öldruðum fjölgar mikið hlutfallslega eins og gerast mun á næstu áratugum.

Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin hafa í kjarasamningum á undanförunum áratugum byggt upp lífeyrissjóði með sem eru í senn öflugir og faglega reknir. Hlutverk sjóðanna er að standa undir lífeyrisgreiðslum til þeirra einstaklinga sem iðgjöld eru greidd fyrir inn í þá bæði af einstaklingunum sjálfum og vinnuveitendum þeirra. Uppbygging sjóðanna hefur allan tímann verið samstarfsverkefni Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar þar sem taka hefur þurft á mörgum álitamálum á borð við styttri starfsævi, meira langlífi og aukinni tíðni örorku. Einkenni þessa samstarfs hefur verið vilji beggja aðila til þess að takast á hendur mikla samfélagslega ábyrgð og hafa frumkvæði að nauðsynlegum breytingum. Mjög mikil samstaða hefur ríkt á milli Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar um málefni sjóðanna.

Samtök atvinnulífsins líta á hlutverk sitt í sjóðunum sem mikilvægt samfélagslegt verkefni sem þau hafa metnað til að leysa vel af hendi. Markmiðið er að sjóðirnir verði meginuppspretta lífeyris landsmanna þegar fram líða stundir sem er verkefni til margra áratuga kallar á framsýni og úthald. Áhrif þeirra sem sitja í stjórnun sjóðanna á vegum Samtaka atvinnulífsins og verkalýðshreyfingarinnar eru notuð til þess að stuðla að fagmennsku í meðferð fjármuna og vaka yfir þeim breytingum sem verða á aðstæðum þeirra.

Aðild samningsaðila að stjórnun lífeyrissjóða tryggir stöðugleika, festu og frið um starfsemi þeirra. Kosning stjórnarmanna á aðalfundum lífeyrissjóða býður þeirri hættu heim að gríðarleg átök geti brotist út við stjórnarkjör og valdablokkir berjast um að koma sínum fulltrúum að til þess að ná fram tilteknum markmiðum eða sérhagsmunum. Dæmi um slík

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Neffang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

átök má finna hér á landi í tiltölulega fámennum lífeyrissjóðum þar sem fulltrúar eru kosnir beint af sjóðsfélögum. Ástæða er til þess að óttast átök á milli lífeyrisþega og eldri sjóðsfélaga nærri lífeyristökualdri annars vegar og þeirra yngri hins vegar sem hefðu mestan áhuga á háum lífeyrissjóðslánnum til sjóðsfélaga á sem lægstum vöxtum.

Samtök atvinnulífsins hafa fyrir hönd atvinnulífsins mikinn hag af því að lífeyriskerfið sé hagkvæmt og dafni vel. Með því er stuðlað að sem hæstum lífeyri fyrir sem lægst iðgjald. Ef illa tekst til með traust til lífeyrissjóðanna og ávöxtun þeirra þá bitnar það á atvinnulífinu í formi hærri iðgjalda eða hærri skatta til þess að fjármagna lífeyri Tryggingastofnunar.

Af framangreindum ástæðum leggjast Samtök atvinnulífsins gegn samþykkt umrædds frumvarps.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 138/1370
komudagur 24.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. mars 2010
RH/SLB/012/2010

Efni: Frumvarp. til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (ársfundir, stjórnir og fjárfestingarstefna sjóða), 288. mál

Vísað er til tölvubréfs dags. 11. mars 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun hefur ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Sigríður Líllý Baldursdóttir
forstjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum. Lagt fyrir á Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010. Þskj. 332 – 288. mál.

ÖBÍ hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum. Frestur til að skila inn umsögn var til fimmtudagsins 1. apríl. ÖBÍ óskaði eftir fresti til að skila inn álitni til föstudagsins 9. apríl og var það samþykkt.

Athugasemdir við frumvarpið í heild:

Frumvarpið felur í sér jákvæðar breytingar á lögnum sem mun auka lýðræði og gegnsæi hjá lífeyrissjóðum landsins. Samkvæmt frumvarpinu fá allir sjóðsfélagar, sem greitt hafa í sjóðinn fyrir áramót atkvæðisrétt á aðalfundi síns sjóðs. Hér er um að ræða mikilvægt framfaraskref, sem hefur í för með sér aukinn hlut og áhrif sjóðfélaga í kosningum. ÖBÍ telur þó mikilvægt að sjóðfélagar, sem ekki greiða lengur iðgjald sökum örorkumats eða aldurs, hefðu einnig kosningarétt og framboðsrétt. Þessi hópur sjóðfélaga getur haft verulegra hagsmuna að gæta af þeim ákvörðunum sem teknar eru af lífeyrissjóðunum og því nauðsynlegt að tryggja aðkomu þeirra að þeim.

Öryrkjabandalag Íslands hefur alvarlegar athugasemdir við aðrar greinar í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum sem ekki koma fram í frumvarpinu.

1. Úrskurðarnefnd í stað gerðardóms

Reynsla ÖBÍ er sú að mjög margir örorkulífeyrisþegar eru ósáttir við málsmeðferð og ákvarðanir sjóðanna um lífeyrisgreiðslur. Samkvæmt núgildandi lögum nr. 129/1997 þarf lífeyrissjóður ekki að rökstyðja ákvörðun sína um lífeyri. Kveðið er á um það í 5. mgr. 18. gr. að sjóðfélagi geti fengið ákvörðun rökstudda en til þess þarf sjóðfélaginn að biðja sérstaklega um rökstuðning. Ef beðið er um rökstuðning skal hann m.a. fela í sér leiðbeiningar um rétt til að vísa ákvörðun til gerðardóms. Fáir sjóðfélagar þekkja rétt sinn samkvæmt lögnum og sjóðfélagar biðja því sjaldan um rökstuðning, einfaldlega þar sem þeir vita ekki af þeim rétti.



gerðardóms. Fáir sjóðfélagar þekkja rétt sinn samkvæmt lögnum og sjóðfélagar biðja því sjaldan um rökstuðning, einfaldlega þar sem þeir vita ekki af þeim rétti. Enn færri vita af rétti til þess að fá ákvarðanirnar endurskoðaðar enda er ekki leiðbeint um hann nema sjóðfélaginn hafi sjálfur óskað eftir frekari upplýsingum.

Jafnvel þótt sjóðfélagi hafi fengið rökstuðning er mjög erfitt fyrir sjóðfélaga að fá endurskoðun á ákvörðunum sjóðanna. Samkvæmt 33. gr. laga nr. 129/1997 getur sjóðfélagi, sem ekki vill una úrskurði sjóðsstjórnar, vísað málinu til gerðardóms. Gerðardómsmeðferð hentar afar illa í málum sem þessum. Gerðardómar eru almennt skipaðir þegar fjársterkir aðilar deila. Ein aðal hugmyndin á bakvið gerðardóm er að fá úrlausn dómstóls en spara þann tíma sem málsmeðferð fyrir almennum dómstólum tekur. Deiluaðilar þurfa enda almennt sjálfir að bera kostnaðinn vegna gerðardómsins. Samkvæmt núverandi ákvæði 33. gr. er 1/3 hluti málskostnaðar hámark þess kostnaðar sem lagður verður á sjóðfélaga en það hlutfall getur þó hæglega numið hundruðum þúsunda. Sjóðfélagar, sérstaklega þeir sem hafa lágar tekjur til framfærslu og/eða eiga í fjárhagserfiðleikum, veigra sér því eðlilega að taka þátt í gerðardómsmeðferð sem er kostnaðarsamt úrræði. Sjóðfélagar geta átt von á því að greiða hluta af málskostnaði dómsins sjálfs og leggja auk þess út fyrir kostnaði vegna lögfræðipjónustu. Að auki er gerðardómur flókið úrræði, enda er sjóðfélagi sem leggur mál sitt í gerðardóm í raun að leggja upp í sambærilega vegferð og höfðun venjulegs dómsmáls. Auk þeirrar vinnu sem leggja þarf í almennt dómsmál, þarf aðilinn svo að skipa í gerðardóminn en sjóðfélagar hafa venjulega ekki þekkingu eða tengsl til að benda á góða dómara.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, sem fer með eftirlit með lífeyrissjóðunum, hafa á þeim 12 árum sem liðin eru síðan lífeyrissjóðslögin voru sett, einungis verið 8 tilvik þar sem Fjármálaeftirlitið hefur þurft að skipa oddamann í gerðardóm. Í samþykktum sumra lífeyrissjóða segir að aðrir en Fjármálaeftirlitið eigi að skipa oddamann í gerðardóma og því gætu tilvikin verið eitthvað fleiri í reynd. Þrátt fyrir þennan varnagla er ljóst að tilvikin eru mjög fá, líklega um eitt mál á ári að meðaltali sem fer til gerðardóms. Á þessum 12 árum hafa þó verið teknar hundruðir, ef ekki þúsundir, ákvarðana í lífeyrissjóðum sem hafa mikla fjárhagslega þýðingu fyrir viðkomandi sjóðfélaga.

Til Öryrkjabandalags Íslands hafa margir sjóðfélagar leitað til að fá aðstoð vegna ágreiningsmála við lífeyrissjóði. Sjóðfélagar leita aðallega til ÖBÍ af því þeir eru ósáttir við ákvörðun sjóðanna um örorku og að enginn rökstuðningur hafi fylgt ákvörðun trúnaðarlækna sjóðanna þar um. Slíkt á einnig við þegar örorkuprósentu sjóðfélaga er lækkuð við endurmat. Þessir einstaklingar hafa verið upplýstir um möguleika á að vísa ágreiningum til gerðardóms. Enginn þeirra hefur, að því er ÖBÍ best veit, nýtt sér þetta úrræði og vegur það ávallt mjög þungt í ákvörðun þeirra að umstang og kostnaður vegna gerðardóms er öryrkjum ofviða.



ÖBÍ leggur mikla áherslu á að fyrirkomulagi við endurskoðun ákvarðana verði breytt og að komið verði á fót úrskurðarnefnd á stjórnarsýslustigi, sem leysi með bindandi hætti úr ágreiningsmálum um ákvarðanir sem tengjast örorkulífeyri (þ.m.t. ákvörðunum um örorkumat). Slík úrskurðarnefnd myndi vinna eftir stjórnarsýslulögum og því væri sjóðfélögum gert kleyft að kæra ákvarðanir án mikils umstangs og kostnaðar. Samkvæmt stjórnarsýslulögum væri þannig nóg að sjóðfélagi tilgreindi þá ákvörðun sem hann væri ósáttur við og útskýrði ástæður þess í stuttu máli. Nefndin myndi svo rannsaka málið og væri við þá málsmeðferð ekki bundin af þeim málsástæðum og gögnum sem sjóðfélaginn hefði lagt fyrir nefndina (öfugt við gerðardómsmeðferð þar sem dómurinn myndi eingöngu byggja á þeim málsástæðum og gögnum sem sjóðfélagi hefði sjálfur aflað og fært fram).

Úrskurðarnefndin þyrfti að vera sjálfstæð og óháð sjóðunum, heppilegast er að Fjármálaeftirlitið eða ráðuneytið myndi skipa í nefndina. Nefndin hefði m.a. það markmið að endurskoða örorkumöt og yrði því m.a. skipuð lækni. Málsmeðferð hjá úrskurðarnefndinni þyrfti að vera sjóðfélögum að kostnaðarlausu. Kostnaður þyrfti þó ekki að falla á ríkið enda er lagt til að sjóðirnir greiði kostnað vegna nefndarinnar. Slíkt fyrirkomulag er eðlilegt með hliðsjón af stöðu sjóðanna en í greinargerð með breytingafrumvarpinu (þskj. 332) er m.a. tekið fram að sjóðirnir hafi mikið vald og séu meðal lykilstofnana íslensks samfélags. Fjármunir sjóðanna eru gríðarlegir og tilkomnir vegna framlaga sjóðfélaganna sjálfra, með beinum eða óbeinum hætti, og því er eðlilegt að sjóðirnir greiða allan kostnað við það þegar leyst er úr réttindum sjóðfélaga. Til samanburðar má geta þess að með lögum nr. 139/2009 var fjármálafyrirtækjum gert að greiða kostnað af eftirliti með fjármálastarfsemi.

2. Lífeyrissjóðir starfi samkvæmt stjórnarsýslulögum

Margir lífeyrissjóðir hafa tekið upp í samþykktir sínar að meðferð mála fari eftir stjórnarsýslulögum. Miðað við stöðu sjóðanna í íslensku samfélagi og mikilvægi þeirra réttinda og hagsmuna sem sjóðfélagar hafa að gæta hjá sjóðunum er rétt að tekið verði af skarið með það í lögum að allar ákvarðanir sem varða ákvörðun lífeyrisréttinda skuli fara eftir stjórnarsýslulögum.

Rétt er að geta þess að samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 gilda hæfisreglur stjórnarsýslulaganna um stjórnarmenn lífeyrissjóðanna. Hæfisreglur stjórnarsýslulaganna eiga að tryggja að stjórnvaldsákvarðanir séu byggðar á lögum og málefnalegum sjónarmiðum. Með því að láta hæfiskröfur stjórnarsýslulaganna gilda um stjórnarmenn er þannig óbeint verið að segja að ákvarðanir sem varða mikilvæg réttindi sjóðfélaga verði að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum (sjá t.d. um þetta í álitum umboðsmanns Alþingis nr. 2264/1997). Hér er fyrst og fremst átt við ákvarðanir sem hafa að meira eða minna leyti áhrif á rétt sjóðfélaga til lífeyris (ákvörðun örorku/orkutaps, útreikningsforsendur o.frv.)



Með stjórnáráðgjafunum er ætlað að tryggja að ákvarðanir sem varða réttindi séu byggð á málefnalegum sjónarmiðum og það er óumdeilt að ætlun löggjafans er að ákvarðanir lífeyrissjóða séu byggðar á slíku. Er því eðlilegt að láta stjórnáráðgjöf gilda um ákvarðanir sjóðanna um lífeyri því það tryggir sjóðfélögum vandaðri málsmeðferð, t.d. fullnægjandi rannsókn mála, andmælarétt sjóðfélaga, upplýsingarétt félaga, kæruehimild o.s.frv. Nauðsynlegt er að stjórnáráðgjöfin nái til fleiri en stjórnarmanna, lögin eiga að gilda um allar ákvarðanir sem enda með töku ákvörðunar sem varða einstök lífeyrisréttindi og ná þannig til málsmeðferðarinnar í heild og allra sem koma að meðferð slíkra mála (þ.m.t. lækna).

3. Ákvæði um örorkumat og endurmat vantar í lögin

Í 5. mgr. 15. gr. laganna segir að í samþykktir lífeyrissjóða skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu. ÖBÍ telur mjög brýnt að í lögin sé sett inn ákvæði um nánari útfærslu á framkvæmd örorkumats til að tryggja gegnsæi við gerð þeirra. Eins og fyrirkomulagið er í dag er ekki ljóst á grundvelli hvers örorkumat er unnið. Engin reglugerð hefur verið sett um örorkumat. Til samanburðar er reglugerð nr. 379/1999 um örorkumat, sem Tryggingastofnun ríkisins er ætlað að vinna eftir. Enn fremur vantar í lögin ákvæði sem tryggir að sjóðfélagar geti farið fram á endurmat. Slíkt ákvæði er mikilvægt til að koma í veg fyrir einhliða rétt sjóðanna til að ákvarða hvort og hvenær endurmat fari fram, samanber tilvitnun úr samþykkt Gildis lífeyrissjóðs frá júlí 2009, liður 12.4. „...Orkutap skal síðan endurmetið eftir því sem stjórn sjóðsins telur ástæðu til.”

4. Víxlverkun á milli örorkugreiðslna lífeyrissjóða og örorkubóta almannatrygginga

ÖBÍ telur það mjög brýnt að setja ákvæði í lögin sem koma í veg fyrir víxlverkun á milli örorkugreiðslna lífeyrissjóðanna og örorkubóta almannatrygginga. Nauðsynlegt er að lögin kveði skýrt á um að bótagreiðslur úr almannatryggingakerfinu hafi ekki áhrif á útreikning örorkulífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum þar sem að almannatryggingakerfið er til að tryggja framfærslu fólks með lágar eða engar greiðslur úr lífeyrissjóði.

Að gengnum dómi Hæstaréttar hinn 17. desember 2009 í málinu nr. 665/2008 er réttarstaðan nú sú, að í hvert sinn, sem örorkulífeyrisþegi fær aukin framlög úr almannatryggingum lækkar eða fellur niður sá lífeyrir sem öryrkinn hefur áunnið sér með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs síns. Með þessari aðferð er ákvörðunarvald Alþingis skert verulega þar sem lögmælt framlög til öryrkja úr almannatryggingum renna ekki til þeirra heldur í raun til lífeyrissjóðanna. Engin lagaheimild er til þessara skerðinga, en 14 lífeyrissjóðum í samráði tókst að fá fjármálaráðuneytið til að samþykkja breytingar á samþykktum sjóðanna, sem heimila skerðingarnar. Þess skal getið að ekki beita allir lífeyrissjóðir þessari skerðingaraðferð og er því nokkur munur á réttarstöðu öryrkja að þessu leyti.



Ekkert tillit er tekið til þess að um skylduaðild að lífeyrissjóðum er að ræða og sjóðfélagar ráða engu um til hvaða lífeyrissjóðs þeir greiða iðgjöld. Engin hliðsjón er höfð af því að lífeyrisþegarnir hafa keypt réttindin í sjóðunum með greiðslu iðgjalds. Um er að ræða vátryggingu með áhættudreifingu (samtryggingarsjóðir). Ekkert tillit er tekið til þess að lögin leggja að jöfnu þá þætti, sem þeim er ætlað að ná til, þ.e. örorkulífeyri, ellilífeyri, makalífeyri og barnalífeyri. Sjóðirnir virðast fara á svig við gildandi lög með því að gera örorkulífeyrisþættinum lægra undir höfði en öðrum þáttum og hafa nú þegar komið hluta af kostnaðinum við örorkulífeyrinn yfir á almannasjóðl.

Eina leiðin til að tryggja að löggjafarvaldið geti framvegis ákvarðað öryrkjum aukin framlög úr almannatryggingum án þess að þau komi í raun lífeyrissjóðunum til góða en ekki öryrkjunum, er að kveða með skýrum hætti á um það í lögum, að lífeyrissjóðum sé óheimilt að vísa til framlaga almannatrygginga til öryrkja til að lækka lífeyri þeirra eða fella hann niður.

5. Siðareglur

ÖBÍ telur mikilvægt að lífeyrissjóðum landsins beri samkvæmt lögum skylda til að setja sér siðareglur og að siðaregiur lækna gildi ótvírætt um trúnaðarlækna sjóðanna við störf sín fyrir lífeyrissjóðina. Þess ber að geta að nokkrir lífeyrissjóðir hafa nú þegar sett sér siðareglur.

6. 5. gr. laga um réttindi sjúklinga gildi við örorkumat/endurmat

ÖBÍ leggur áherslu á að 4. mgr. 5. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 gildi við skoðun og viðtal fyrir örorkumat og endurmat. Ákvæðið fjallar um rétt sjúklinga, sem ekki tala íslensku eða nota táknmál til túlkunar.

Lokaorð

ÖBÍ fagnar því að frumvarp til breytingar á lögum nr. 129/1997 hafi komið fram, sem felur í sér jákvæðar breytingar á nokkrum greinum laganna. Þó ekki sé um að ræða heildarendurskoðun á lögnum, þá leggur ÖBÍ mjög mikla áherslu á að lögin í heild sinni verði endurskoðuð sem allra fyrst. Mikilvægt er að ofangreindar ábendingar bandalagsins verði teknar alvarlega, enda er hér um mikið hagsmunamál að ræða fyrir samfélagið í heild.

Virðingarfyllst,

f.h. ÖBÍ,

Guðmundur Magnússon
formaður.

Lilja Þorgeirsdóttir,
framkvæmdastjóri.